

4. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2017 - 2018 haldinn föstudaginn 19. janúar 2018 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Þorgerður Anna Arnardóttir, Guðrún Herbertsdóttir varamaður, Sigrún María Jörundsdóttir, Frosti Jónsson. Fundinn sátu einnig Tinna Ösp Arnardóttir fulltrúi kennara, Rebekka Þurý Pétursdóttir fulltrúi nemenda, Sigrún Edda Eðvaldsdóttirfulltrúi foreldraráðs og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá:

1. **Kosning formanns og varaformanns skólanefndar** – Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður og Steinþór Einarsson varaformaður.
2. **Fjármál skólans**
Skólameistari er ánægður með stöðuna um áramótin. Talsvert hefur verið keypt af búnaði. Gjaldskrá FG lögð fram til kynningar en hún er birt á heimasíðu skólans. Í umræðunni að rukka inn gjald fyrir foreldraráðið en hafa það samt valkvætt hvort foreldrar greiði. Leikskólabraut hefur verið lögð niður í FG þar sem vantar fleiri nemendaígildi til að geta haldið henni úti. Skólanefnd ætlar að senda bréf til ráðherra þar sem farið verður fram á að gera FG mögulegt að taka þetta nám upp að nýju.
3. **Upphaf vorunnar** – engin vandkvæði, það þurfti að neita mörgum nemendum um skólavist. Rekstrarlega er erfiðara um leið og nemendum fækkar. Einnig er erfiðara að halda úti efstu áföngunum í fámennari skóla. Félagslífið gengur vel það sem af er annar og árhátíðin mun verða haldin í Mýrinni í fyrsta sinn. Gettu betur liðið er komið í þriðju umferð og keppir við Versló í fyrstu sjónvarpsviðureigninni 16. febrúar.
4. **Framboð á námsbrautum** – Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri kom inn á fundinn og kynnti framboð á námsbrautum í FG. Hann fór yfir hvernig unnið var að breytingum í samræmi við innleiðingu laganna frá 2008. Kennslustjórar og kennarar unnu að nýjum námsbrautum og greitt var fyrir alla vinnu þar að lútandi.
5. **Önnur mál**
Foreldraráðið stefnir á að hafa fund í FG fyrir foreldraráð annarra skóla á höfuðborgarsvæðinu til að bera saman bækur sínar og samræma sig. Óskað er eftir innleggi skólameistara á þann fund.
Rætt var um félagsmiðstöð/ ungmennahús ungs fólks almennt og í Garðabæ. Verkefni í gangi hjá Garðabæ um stöðu 18-22 ára ungmenna í bænum.

Næsti fundur fimmtudaginn 8. mars. Kl.12.

Fundi slitið kl. 13.00

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.